

Hverfisráð Hríseyjar

76. fundur

Hverfisráðs Hríseyjar fundaði í Hlein miðvikudaginn 5.febrúar 2014 klukkan 17. Á fundinn mættu: Ingimar Ragnarsson, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Anton Már Steinarsson. Auk fulltrúa frá Akureyrarbæ, embættismanna og íbúa.

Dagskrá:

1. Kostning fundarritara og fundarstjóra. Ingibjörg G ritari og fundarstjóri Linda María.
2. Skýrsla stjórnar hverfisráðs fyrir starfsárið 2013.
3. Kostning til hverfisráðs. Sama stjórnin bauð sig fram áfram. Ingibjörg Þórðardóttir kom inn í varastjórn ásamt Lindu Maríu og Kristínu Björgu.
4. Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri ávarpaði fundinn. Bauð embættismönnum með sér. Mikill áhugi meðal þeirra á því hvað hefur verið gert. Mættir til að svara spurningum íbúa. Sagði frá því að hann væri stoltur af viðurkenningu nemenda. Vill að þau fái að taka þátt í umræðunni og koma sínum skoðunum á framfæri. Lýsti yfir áhuga með að halda hugmyndum þeirra á lofti.
5. Ingibjörg Þórðardóttir kynning frá áhugahópnum um framtíð Hríseyjar.

Umræður:

6. Ingimar: Hvernig getur bærinn komið að atvinnumálum og hvað er framkvæmanlegt t.d. með Hlein?
Eiríkur svaraði: Nokkrar hugmyndir hafa komið fram t.d. orlofsvist fyrir aldraða og fatlaða. Hreinn og Soffía hafa verið að skoða þessi mál líka. Spurning hvernig og hvort bærinn kæmi að þessum málum. Ráðuneytið er að koma sér út úr beinni þátttöku á svona verkefnum. Mikilvægt að um heilsársverkefni sé að ræða. Þó nokkuð langt í land með að þetta takist og verði framkvæmanlegt. Ekki hefur verið rætt við félag eldri borgara. Í dag er atvinnurekstur í gangi í húsinu og því þarf að koma fyrir annars staðar. Eru tilbúin að koma að því að hrinda í framkæmd hugmyndum og tryggja að aðilar sem vilja hefja starfsemi geti komið hugmyndum sínum áfram og skapa atvinnu.
7. Smári: Lýsti yfir óánægjum eð sölu á íbúðum í eigum bæjarins á útsöluverði.
Eiríkur: það er ekki markmið að halda íbúðaverði niðri þannig að það komi niðra eyjunni. Fyrst og fremst er verið að koma húsnæði í nýtingu.
Guðni hjá fasteignum: Síðasta sala var Miðbraut 3. Reynt var að koma íbúðinni í langtímaleigu en það gekk ekki. Íbúðin var seld hjónum sem sýnt hafa áhuga á að flytja hinga og hafa fasta búsetu.
Smári: Mikilvægt að hafa fasteignaverð það sama og á öðrum íbúðum sem eru til sölu í eyjunni.

Kristinn: Sumarhúsalóðir allt of dýrar. Mikilvægt að lækka lóðaverð.
Flutningur dýr, það er hagur fyrir bæinn að selja þær ódýrara til að verði uppbygging í eyjunni.

Eiríkur: Taka þarf þetta til skoðunnar.

8. Ingibjörg Þórðar: Stendur til að sameina starfsemi leikskóla og grunnskóla til að mannskapurinn nýtist betur milli deilda?

Gunnar Gísla: Það þarf að gera eitthvað. Ein held. Góð reynsla í nágrenni við okkur t.d. á Árskógssandi. Flæði milli skólanna. Ekki hefur verið tækifæri til að stíga skrefið alla leið.

L.P: gott starfsfólk sem ekki er nýtt á milli deilda.

9. Jónas: Varðandi atvinnumál. Sparisjóðurinn og hvað verið er að gera í öðrum sveitarfélögum að búa til þjónustukjarna með símsvörun og fleiru. Störf dreifð frá sveitarfélaginu til eyjarinnar. Hvað getur bærinn gert?

Eiríkur: Linda er í 50 % starfi hjá bænum og svo er verið að leggja til 60 % starf frá framkvæmdadeild um skipulagningu ferlibíla fyrir fatlaða.

Jónas: gætu sparisjóður og pósturinn lagt starfshlutfall til líka?

Ingimar: Við í hverfisráði töldum að eitt það mikilvægast til að halda byggð í eyjunni væri að styrkja og viðhalda starfsemi búðarinnar. Húsnæði sparisjóðsins verður selt og hugsanlega geta einhverjir komið að þessu þannig.

Narfi: Hverfisráð stóð illa og einkennilega að málum sparisjóðsins. Hvert var upphafið af þessu? Hvernig hófust viðræðurnar? Hvar kom þessi umræðu um 60 % starf inn í umræðuna? Verið að leggja niður sparisjóðinn í staðinn fyrir að hann fengi að loka sér sjálfur.

Ingimar: Jónas leitaði til hverfisráðs um það hvernig best væri að útfæra þjónustu sparisjóðsins. Hverfisráð hafi ítrekað óskir um að starf héldis áfram en því hafi alfarið verið neitað.

Þröstur: upplýsti að hann fyrrum stjórnarmanni hafi verið fullljóst að breytinga mætti vænt hjá sparisjóðnum og hann hafi upplýst ráðið um þær fyrirætlanir.

Heimir S: Skrýtið að taka starf af sparisjóðnum til að færa í búðina.

Eiríkur: Bærinn kom ekki að þessum viðræðum. Höfum ekki ástæðu til að búa til deilur.

Inga I: hver er stefna bæjarins í að auglýsa störf sem í boði eru?

Eiríkur: Öll störf eiga að vera auglýst.

Ingimar: Jónas og Jón Ingi ætluðu að mæta en boðuðu ekki forföll.

Björgvin: Óskum eftir að Jónas Sparisjóðsstjóri mæti á fundinn 20. Mars og geri grein fyrir þeirra máli. Dapurlegt að þeir skuli loka.

10. Linda María : Verkefnið hét var á vegum landsbyggða vna og hét heimabyggðin mín.

Eiríkur: Viljum styrkja krakkana í því sem þau eru að gera og koma þeirra skoðunum á framfæri.

11. Ásgeir: Fólk vildi ekki pósthólf á bryggjuna. Mikilvægt að gleyma ekki gamla húsinu og halda húsinu í blómlegu starfi.

12. Karl frá Heilsugæslunni: Hvað þjónustu erum við að búast við frá heilsugæslunni á Dalvík?

Linda : ekki verið læknþjónusta síðan febrúar 2011.

Karl: Það er kostnaðarsamt að senda lækni. Bærinn hefur tillögu rétt að því hvaðan við njótum þjónustu. Styttri bið eftir lænaviðtali á Dalvík en á Akureyri því þar eru fleirri um hvern lækni.

13. Eiríkur: varðandi brothættar byggðir þá eru væntingar um á fjáraukalögum verði sett inn aukið fjármagn og að Hrísey verði þar inni,

Ekki fleira rætt og fundi slitið klukkan 18:40.

Fundargerð rituð og skráð í tölvu af Ingibjörgu Guðmundsdóttur